

# Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn 7. maí 2013

## kl. 19:30 í Hjalla Álfhólsskóla.

### 1. Fundur settur

Anna María Bjarnadóttir formaður félagsins setti fundinn kl. 19:40.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið var upp á Karli Einarssyni sem fundarstjóra og Ernu Arnarsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

### 3. Skýrsla stjórnar

Anna María formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starf stjórnar á liðnu starfsári, sjá [skýrslu stjórnar](#):

Hún benti ennfremur á að allar upplýsingar um foreldrafélagið og starfsemi þess væri að finna inni á heimasíðu skólans: [alfholsskoli.is/foreldrar](http://alfholsskoli.is/foreldrar)

Hún benti fundarmönnum á netfang foreldrafélagsins ef þeir vildu koma einhverjum ábendingum til stjórnar: [ffalfhol@gmail.com](mailto:ffalfhol@gmail.com)

### 4. Skýrslur nefnda

Fundarstjóri upplýsti að flestar skýrslur nefnda væru komnar inn á heimasvæði foreldrafélagsins: [skýrslur nefnda](#)

Sigurður Grétarsson varaformaður flutti skýrslu öryggisnefndar, fór yfir mál varðandi svokallað „draugahús“. Benti einnig á að gott sé að fá athugasemdir frá foreldrum.

### 5. Lagabreytingar

Engar fyrirleggjandi lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

### 6. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Brynhildur Grímsdóttir gjaldkeri félagsins fór yfir ársreikninginn. Staða félagsins nokkuð góð. Sjá [ársreikningur](#)

Fyrirspurn kom varðandi félagsgjöldin, hversu mörg heimili væru að borga?  
Brynhildur svaraði að það væru 490 heimili sem fengu sendan reikning þetta árið sem væri örlítil aukning frá í fyrra. Félagsgjald er 1.750 kr. á heimili.  
Ársreikningur borinn upp til samþykktar og samþykktur mótatkvæðalaust.

#### **7. Árgjald félagsins ákveðið**

Óbreytt árgjald 1.750 kr. á vetri. Samþykkt mótatkvæðalaust.

#### **8. Kosning formanns foreldrafélags**

Guðni Björnsson bauð sig fram til formanns og hlaut einróma kosningu.

#### **9. Kosning annarra stjórnarmanna**

Erna Arnarsdóttir og Brynhildur Grímsdóttir gengu úr stjórn.

Lárus Axel Sigurjónsson kosinn til 1 árs.

Sigurður Grétarsson var kosinn til tveggja ára.

Hólmfríður Einarisdóttir var kosin til tveggja ára.

Karl Einarsson var kosinn til tveggja ára.

Varamenn voru kosnir: Brynhildur Grímsdóttir, Anna María Bjarnadóttir og Íris Leósdóttir.

#### **10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga**

Kristín Andrea og Karen Halldórsdóttir voru kosnar skoðunarmenn reikninga.

#### **11. Skýrsla skólaráðsfulltrúa**

Selma Guðmundsdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir fulltrúar foreldra í skólaráði fluttu skýrslu skólaráðs og fóru yfir helstu verkefni skólaráðs á liðnum vetri.

Þær bentu á að fundargerðir skólaráðs mætti nálgast á heimasíðu skólans.

[alfholsskoli.is/skólinn/skólaráð/fundargerðir](http://alfholsskoli.is/skólinn/skólaráð/fundargerðir)

Fyrirspurn barst varðandi hvort að breytingar á á dægradvöl lægju fyrir?

Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri svaraði því til að eitthvað af breytingum væri farið af stað en ekki lægju allar breytingar fyrir. Verið væri að leggja síðustu smiðshöggin á breytingarnar. Meira væri verið að spá í að setja þetta í hópastarf. Skák, skátar og fleira slíkt til að auka fjölbreytni og sérhæfingu.

Önnur fyrirspurn barst varðandi hvort að foreldrar fengju einhverja kynningu á þessum breytingum?

Sigrún svaraði því að kynning væri áætluð í haust en ákveðið hafi þó verið að fara af stað í breytingar strax.

## 12. Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð

Selma Guðmundsdóttir situr áfram sem fulltrúi í skólaráði.

Hólmfríður Einarsdóttir var kosin sem fulltrúi skólaráð og situr jafnframt sem fulltrúi stjórnar.

## 13. Önnur mál

- a) Foreldri kom upp (Ásdís) og lýsti yfir mikilvægi skólahreysti og hvort hægt væri að setja uppskólahreystibraut við skólann? Fundarmenn voru almennt mjög hrifnir af þessari hugmynd. Sigurður Grétarsson benti á að kostnaður væri mikill en gott að leita tilboða til að átta sig betur á kostnaði. Sigrún skólastjóri og Saman í sátt hópurinn fóru saman og skoðuðu svona braut í vetur og var það rætt hvort að fara ætti af stað í söfnun til að koma svona braut á laggirnar. Bærinn þarf að samþykkja slíka framkvæmd. Verðugt verkefni og mikilvægt að kanna samstarf um þetta.
- b) Happendrættisvinningur. Selma Guðmundsdóttir dró út heppinn vinningshafa og hlaut hann að launum gistingu og máltíð fyrir tvo að Hótel Glym.
- c) Selma færði fráfarandi formanni kveðjugjöf.
- d) Anna María óskaði nýkjörnum formanni og stjórn velfarnaðar í starfi. Hún þakkaði öllum þeim sem hafa unnið fyrir foreldrafélagið á einhvern hátt á liðnu starfsári fyrir velunnin störf, hvatti hún foreldra til að taka virkan þátt í starfinu. Endaði hún á að þakka fyrir sig, þetta hefði verið skemmtilegur og lærdómsríkur tími.
- e) Guðni nýkjörinn formaður tók til máls. Þakkaði sýnt traust og þakkaði Önnu Maríu fyrir góð störf.

## 14. Fundi slitið

Fundarstjóri sleit fundi kl. 20:30

*Fundargerð ritaði Erna Arnarsdóttir, ritari.*